

4. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Sturla Böðvarsson.

Nr. 56

26. maí 2001

LÖG**um breyting á lögum nr. 29/1993,
um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. laganna bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., svohljóðandi:

6. Vörugjald af bifreiðum til ökukennslu skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið til ökukennslu beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Ökuskólar geta jafnframt notið lækkunar samkvæmt þessum tölulið. Skilyrði þess eru að ökuskóli hagi skráningu á akstri bifreiðar sem nýtur lægra vörugjalds þannig að á hverjum tíma sé unnt að gera grein fyrir akstri bifreiðarinnar í þágu ökukennslu. Tollstjóri getur án fyrirvara óskað eftir gögnum þar um. Sé bifreið notuð til annars er tollstjóra heimilt að innheimta fullt vörugjald skv. 3. gr. laganna með 50% álagi. Við mat á því hvort bifreið hafi einungis verið notuð til ökukennslu skal miðað við að unnt sé að gera grein fyrir a.m.k. 80% af akstri hennar í þágu ökukennslu með framvísun þar til gerðrar akstursbókar eða öðrum hætti sem tollstjóri metur fullnægjandi. Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um þær bifreiðar sem njóta undanþágu samkvæmt þessum tölulið.

Brot á þeim skilyrðum sem sett eru í þessum tölulið varðar því að hinn brotlegi, hvort sem er einstaklingur eða lögaðili, missir rétt til lækkunar í þrjú ár frá síðasta broti.

7. Vörugjald af bifreiðum sem notaðar eru til ökukennslu og leigubifreiðaaksturs skal lagt á samkvæmt eftirfarandi töflu miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum:

Flokkur	Sprengirými aflvélar	Gjald í %
I	0–2.000	10
II	Yfir 2.000	13

Skilyrði fyrir því að bifreið sem nýtt er til ökukennslu og leigubifreiðaaaksturs beri vörugjald samkvæmt þessum tölulið eru að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leiguaksturs fólksbifreiða og hafi hlotið löggildingu sem ökukennari og hafi þessi störf samanlagt að aðalatvinnu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2001.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.

26. maí 2001

Nr. 57

LÖG

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999, um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, ²/₃ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Endurgreiðsluheimildin verði bundin við hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Geir H. Haarde.